



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2021

2103042SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, 622. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, 622. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á hugtökum á sviði almannavarna til að skilgreina betur hvenær valdheimildir almannavarnayfirvalda eru virkjaðar, að bráðabirgðaákvæði um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila verði fært varanlega inn í lög, að færa lögreglustjórum í héraði beina aðkomu að gerð viðbragðsáætlana og hættumata ásamt því að leggja niður rannsóknarnefnd almannavarna og í hennar stað kemur þrepaskipt kerfi við rýni að aflétu almannavarnarstigi.

Borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila

Eins og fram hefur komið er með frumvarpinu lagt til að efni bráðabirgðaákvæðis II um borgaralega skyldu opinberra starfsmanna, sem upphaflega var bætt við lögum með lögum 27/2020, verði varanleg heimild. Tiltekið er í greinargerð að góð reynsla hafi verið af beitingu þess við allar þær skipulagsbreytingar sem opinberir aðilar hafa þurft að gera vegna samkomubanns, 2 metra reglu og margs konar annarra takmarkana til að bregðast við kórónuveirufaraldrinum.


Umrætt bráðabirgðaákvæði hefur gert sveitarfélögum kleift að halda úti nauðsynlegri velferðarþjónustu ásamt því að tryggja opnun leik- og grunnskóla meðan heimsfaraldur hefur gengið yfir með tilheyrandi áhrifum á samfélagið. Sem dæmi hafa sveitarfélög nýtt starfskrafta starfsfólks íþróttamiðstöðva og sundlauga, er voru tímabundið lokaðar, til að halda úti nauðsynlegri þjónustu eins og sólarhringsopnun á húsnæði fyrir heimilislausa og útkeyrslu á mat fyrir eldra fólk. Í skólamállum hefur ákvæðið tryggt að einfaldara er að breyta starfsemi leik- og grunnskóla með skömmum fyrirvara, allt eftir því hvaða takmarkanir eru í gildi hverju sinni. Sambandið styður því heilshugar að umrædd heimild verði lögfest með varanlegum hætti.

Að lokum

Sambandið styður aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur til bóta að skilgreining á orðinu hættustund sé færð inn í lög. Að mati sambandsins þarf þó að gera frekari breytingar á lögnum með hliðsjón af reynslu sveitarfélaga

síðasta árið og hlutverk þeirra við neyðarstjórn. Í ljósi þess að stefnt er að heildarendurskoðun á lögnum er fullnægjandi að tillögur um breytingar á grunni reynslu sveitarfélaga séu hluti af þeirri heildarendurskoðun. Mikilvægt er þó að sambandið sé fullgildur þátttakandi í þeirri endurskoðunarvinnu en ekki eingöngu umsagnaraðili enda eru sveitarfélög einn af lykilaðilum í almannavörnum og bera ábyrgð á umsjón almannavarna í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, sbr. 2. gr. laga um almannavarnir.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri